

**Ed.** **152. Frumvarp til laga** **[81. mál]**  
um breytingu á lögum nr. 76 1944, um Hjúkrunarkvinnaskóla Íslands.

Flm.: Alfreð Gíslason læknir.

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:  
Hjúkrunarskóli Íslands hefur það hlutverk að kenna nemendum hjúkrunarfræði og gera þá hæfa til starfa í þeirri grein.

2. gr.

Í stað „Félags íslenzkra hjúkrunarkvenna“ í 2. gr. laganna komi: Hjúkrunarfélags Íslands.

3. gr.

Fyrri málsg. 3. gr. laganna orðist svo:

Forstöðu skólans hefur á hendi sérmenntaður skólastjóri, er ráðherra skipar samkvæmt tillögum skólanefndar. Laun hans skal ákveða í launalögum. Aðalkennarar skólans, auk skólastjóra, skulu vera yfirhjúkrunarkona og aðal-aðstoðarlæknar landsspítalans, og skulu stöður þessar skipaðar og launaðar með tilliti til þess.

4. gr.

Í stað orðsins „skólastýru“ í 1. málsg. 4. gr. laganna komi: skólastjóra.

5. gr.

Í stað „félagi íslenzkra hjúkrunarkvenna“ í 5. gr. laganna komi: Hjúkrunarfélagi Íslands.

6. gr.

6. gr. laganna orðist þannig:

Í reglugerð skólans má setja reglur um 2—3 ára sérnám hjúkrunarfólks í ýmsum hjúkrunargreinum (geðveikrahjúkrun, barnahjúkrun, skurðstofuhjúkrun, röntgenstörf, heilsuvernd o. s. frv.), jafnframt því sem kveðið verður á um skilyrði fyrir viðurkenningu skólanefndar fyrir slíku sérnámi.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

8. gr.

Þegar lög þessi hafa öðlzt gildi, skal fella meginmál þeirra inn í lög nr. 76 1944, um Hjúkrunarkvennaskóla Íslands, og gefa þau út svo breytt með fyrirsögninni: Lög um Hjúkrunarskóla Íslands.

Greinargerð.

Í frv. þessu eru ráðgerðar fáeinar breytingar á lögum um Hjúkrunarkvennaskóla Íslands, lítils háttar að vísu, en nauðsynlegar þó. Eðlileg og æskileg þróun á málum skólans hefur orðið til þess að fótumtroða úreltan lagabókstaf, og er tími til kominn að samræma lögini þeirri þróun.

Í 1. gr. laganna er ákvæði um, að skólinn skuli veita konum fræðslu og heita Hjúkrunarkvennaskóli Íslands. Þessu þarf að breyta, og mun best henta að nefna hann Hjúkrunarskóla Íslands.

Í þessum skóla hafa nú um skeið notið fræðslu bæði konur og karlar. Hafa tveir karlmenn nýlega lokið burtfararprófi þaðan, og einn dvelst þar við nám um þessar mundir. Þetta er vel farið, að karlmenn bætist í hóp þeirra, sem hjúkrun nema. Er þeirra þegar sérstök þörf á geðveikrahælum og á hjúkrunarheimilum langsjúkra manna, og er ekki ósennilegt, að þeir verði taldir hlutgengir víðar, er fram líða stundir.

Kvennaskólaheitið á þannig ekki lengur við hér, og virðist fara vel á að nefna skólann Hjúkrunarskóla Íslands. Ákvæðið um, að hann skuli vera heimavistar-skóli, er einnig úrelt. Karlmennirnir hafa aldrei verið þar í heimavist, og fleiri undantekningar mun hafa verið gerðar, t. d. þegar í hlut eiga giftir hjúkrunarnemar.

Brýnasta þörf hjúkrunarskólans nú er aukið húsrými til skólahalds, fleiri kennslustofur. Þá þörf þarf að leysa hið bráðasta. Á hinu liggur minna að mínum dómi, að auka húsnæði heimavistarinnar. Þróunin má gjarnan verða sú, þegar nemum fjölgar, að sá hluti þeirra, sem til þess hefur aðstöðu, búi utan veggja skólans á heimilum foreldra eða annarra venzlamanna. Í þessu efni getur hið sama gilt um hjúkrunarnema sem aðra skólanemendur. Heimavist skólans getur verið þægileg utanbæjarfólki, en hún á ekki að vera neitt skilyrði. Því er lagt til í frv., að ákvæðið um, að skólinn skuli vera heimavistaraskóli, verði úr lögum numið.

Í 6. gr. laganna er heimild til að setja reglur um allt að eins árs almennt framhaldsnám hjúkrunarfólks. Þessi heimild mun aldrei hafa verið notuð, enda engin ástæða til að krefjast slíks almenns framhaldsnáms. Námið tekur nú á fjórða ár, og mundi lenging þess aðeins verða til að fæla fólk frá þessu þjóðnýta, en of lítið sóttá námi. Því er í frv. lagt til, að þessu heimildarákvæði verði sleppt. Eftir stendur samt ákvæðið um 2—3 ára sérnám í ýmsum hjúkrunargreinum, og er það ákvæði jafn sjálfsgagt sem hitt er óþarft og varhugavert.

Um aðrar breytingar er tæpast þörf að ræða. Félag íslenzkra hjúkrunarkvenna, sem nefnt er í lögnum, hefur í samræmi við breyttar aðstæður tekið sér annað nafn og heitir nú Hjúkrunarfélag Íslands. Í stað orðsins skólastýra er lagt til, að notað verði orðið skólastjóri, sem á jafnt við um konur sem karla. Hver veit, nema einhverv tíma kunni að koma fram úr hópnum karla sá hjúkrunarmaður, sem þyki öðrum fremur í þessari grein hafa til skólastjórnar? Þá dygði ekki heitið skólastýra.